



Fundargerð

342. fundur hreppsféðndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 16. ágúst 2012, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsféðndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánisdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR) Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka sex mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 340. fundur hreppsféðndar 14. júní 2012.

Farið yfir fundargerð. Fundargerð samþykkt.

2. 341. fundur hreppsféðndar 23. júlí 2012.

Farið yfir fundargerð.

Breyting gerð á bókun liðar 2. 1207009 – Fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd. Í stað Eiríks Kristjánssonar sem varamanns komi Signý Magnfríður Jónsdóttir. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt.

3. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 13. ágúst 2012.

Farið yfir fundargerð.

1201002 – Reykhólahöfn 219869, umsókn um byggingalóð. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1106002 – Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018 vegna deiliskipulags Þórisstaða.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1208017 – Hellisbraut 72, 139721, hitaveitulögn. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208019 – Skólabraut 1, 139655, frágangur á sparkvelli Reykhólaskóla. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208018 – Fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208036 – Skálanes 139669, niðurrif mannvirkja, mhl. 22 Véla og verkfærageymsla, mhl. 26 Geymsla. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208037 – Skálanes 139669, niðurrif mannvirkja, mhl. 09 Hlaða. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208038 – Skálanes 139669, slysavarnaskýli. Bókun nefndarinnar samþykkt.

4. Mennta- og menningarmálanefnd 14. ágúst 2012.

1208024 – Skipurit fyrir Reykhólaskóla (sameinaðan skóla). Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208025 – Stuðningsfulltrúar í Reykhólaskóla skólaárið 2012 – 2013. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208026 – Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208027 – Málþing 31. ágúst, Lærum hvert af öðru – virkjun grunnþáttanna. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208028 – Umsóknir um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda vegna skólaársins 2012 2013.

1208039 – Framkvæmdir við skólann sumarið 2012, fyrirspurn. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208040 – Stimpilklukka í skólanum. Bókun nefndarinnar samþykkt.

1208041 – Aukning á áður samþykktum kennslukvóta. Bókun nefndarinnar samþykkt.

5. Fjallskilaneftnd 13. ágúst 2012.

Fundargerð hefur ekki borist, lið frestað.

Mál til afgreiðslu:

1. 1208002 - Minnisblað fjallskilaneftndar og skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarneftndar frá 18. júní 2012.

Tillaga um að reglugerð um lausagöngu búfjár í Múlasveit verði felld niður.

Tillagan er felld með þremur atkvæðum gegn tveimur og er málinu vísað til skipulags- og bygginganeftndar þar sem vinna þarf samþykkt um búfjárhald

2. 1208003 - Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnalaga.

Erindi frá Eftirlitsneftnd með fjámálum sveitarfélaga dagsett 29. júní 2012.

Í erindinu kemur fram að í ársreikingi 2011 og áætlunum ársins 2012 og 2013 sé ekki jöfnuður í samanlagðri rekstrarniðurstöðu þessara ára, og uppfylli því ekki fjárhagsleg viðmið 1. tölul. 2. mgr. 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Heimilt er að gera ráð fyrir að viðmiðum verði náð á allt að tíu árum frá 1. janúar 2013 að telja. Óskað er eftir áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar sér að ná fjárhagslegum viðmiðum skuldareglu sveitarstjórnarlaga fyrir 1. september nk.

Sveitarstjóra er falið að sækja um frest til Innanríkisráðuneytisins til að svara óskum ráðuneytisins enda verður áætlunin unnin samhliða fjárhagsáætlun ársins 2013 og 3ja ára áætlun sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

3. 1109037 - Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.

Ósk um ábendingar og athugasemdir, erindi frá Umhverfissráðuneytinu dagsett 15. júní 2012 og minnisblað Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 18. júlí 2012.

Sveitarstjórn Reykhólarhepps tekur undir ábendingar og athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi drög að landsáætlun um úrgang. Samþykkt samhljóða.

4. 1208004 - Styrkbeiðni vegna Ljósbogans, kvikmyndagerðar um einelti.

Erindi frá Brynjari H. Benediktssyni dagsett 26. júní 2012.

Styrkbeiðni hafnað, samþykkt samhljóða.

5. 1208005 - Viðhorfskönnun íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum um samgöngur.

Erindi frá Sunnu Maríu Jónsdóttur dagsett 28. júní 2012. Boð um verkefni til kaups.

Sveitarstjórn þakkar Sunnu Maríu boðið, en hafnar því jafnframt. Samþykkt samhljóða.

6. 1208006 – Vinnuaðstaða í sameiginlegu mötuneyti Reykhólahrepps.

Erindi frá matráði dagsett 10. ágúst 2012.

Sveitarstjórn samþykkir að kaupa nýjan matreiðsluofn í sameinað mötuneyti Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

7. 1208035 - Ósk um endurskoðun lóðarleigugjalda.

Erindi frá íbúum við Hellisbraut 48-52.

Sveitarstjórn samþykkir að endurskoða lóðaleigusamninga miðað við endurskoðunarákvæði þeirra. Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar.

Til kynningar

8. 1208007 - Breyttar áherslur við fjárlagagerð.

Erindi frá fjárlaganefnd Alþingis dagsett 18. júní 2012.

Kynnt.

9. 0901028 - Kaup á Reykhólajörðinni, yfirlýsing vegna lóða.

Sameiginleg yfirlýsing Reykhólahrepps og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis dagsett 23. júlí 2012.

Kynnt.

10. 1208008 - Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012 – 2014.

Erindi frá Velferðarráðuneytinu dagsett 4. júlí 2012.

Kynnt.

11. 1208009 - Málþing um sögu Breiðafjarðar 24. – 25. ágúst 2012.

Erindi frá Sverri Jakbossyni dagsett 27. júní 2012.

Kynnt.

- 12. 1208010 - Nýsköpun í opinberum rekstri nýsköpunarráðstefna 30. október 2012.**
Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 6. júlí 2012.

Kynnt.

- 13. 1208011 - Efnistaka, framkvæmdaleyfi og mat á umhverfisáhrifum.**
Erindi frá Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun dagsett 31. maí 2012.

Kynnt.

- 14. 1208012 - Stefna, stjórnun og skilvirkni.**
Kynning á þjónustu frá Stjórnsýsluráðgjöf ehf. 30. júlí 2012.

Kynnt.

- 15. 1208013 - Sveitarstjórnarlög og framkvæmdir á vegum sveitarfélaga.**
Kynning á þjónustu Centra Fyrirtækjaráðgjafar ehf. dagsett 13. júní 2012.

Kynnt

- 16. 1208014 - Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 11. júlí 2012.**

Fundargerð lögð fram.

- 17. 1208015 - Fundargerð 798. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. júní 2012.**

Fundargerð lögð fram.

- 18. 1208016 - 125. og 126. fundur Breiðafjarðarnefndar 24. apríl og 5- 6. júlí 2012.**

Fundargerðir lagðar fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

- 19. 1208042 - Minnisblað fundar tveggja hreppsnefndarmanna og skipulagsfulltrúa með, Ísland hvar er þín fornaldar frægð ehf. 13. ágúst 2012.**

Minnisblað lagt fram.

- 20. 1408043 - Fjórðungsping Vestfirðinga 7. og 8. september 2012.**

Formleg boðun hefur ekki borist, en hreppsnefnd Reykhólahrepps mun fara með atkvæði á Fjórðungspingi Vestfirðinga þann 7. og 8. september. Sveitarstjóri mun einnig sitja þingið. Sveitarstjóra falið að ganga frá kjörbréfum þegar boð hefur borist og koma þeim til Fjórðungssambands Vestfirðinga.

- 21. 1208044 – 38. Hafnarsambandsþing 20. og 21. september 2012.**
Boðun á þing sent frá Hafnarsambandi Íslands 14. ágúst 2012.

Kynnt.

- 22. 1208045 – Kötluland lóð 2, 220776 lóðaleigusamningur.**

Sveitarstjórn samþykkir að leigja lóð Kötluland lóð 2, 220776 til Jónasar Samúelssonar. Samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að ganga frá lóðarleigusamningi.

23. 1208046 – Stofnun frumkvöðla- og tækniseturs á Reykhólum.

Á fundi með forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar, Þorsteini Inga Sigfússyni og Sigmari B. Haukssyni 15. ágúst 2012 var tekin sú ákvörðun að stefna að stofnun frumkvöðla- og tækniseturs á Reykhólum. Stofnaður verði undirbúningshópur sem saman standi af einum fulltrúa frá Nýsköpunarmiðstöð og tveimur frá Reykhólahreppi. Sigmar B. Hauksson verður fulltrúi Nýsköpunarmiðstöðvar. Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að oddviti og sveitarstjóri verði fulltrúar hreppsins í undirbúningshópi. Samþykkt samhljóða.

24. 1208047 – Fyrirspurn um sorpmálin.

Formaður umhverfisnefndar spurði sveitarstjóra um gang mála varðandi flokkun sorps í Reykhólahreppi.

Sveitarstjóri svaraði fyrirspurnum formannsins. Opnun svæðisins hefur tafist og sumarfrí starfsmanna sveitarfélagsins hafa einnig tafið framgang mála. Formaður leggur til að haldinn verði fundur með umhverfisnefnd og starfsmönnum áhaldahúss fimmtudaginn 23. ágúst kl. 14.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:25
